



# Gerum meira úr minna

## Umbætur í rekstarumhverfi minni fyrirtækja

Ísland er eftirbátur annarra Norðurlanda þegar kemur að framleiðni.<sup>1</sup> Einn helsti áhrifaþátturinn í því samhengi er smæð hagkerfisins og sú staðreynd að íslensk fyrirtæki eru smærri en almennt þekkist í samanburðarríkjunum. Eftir því sem fyrirtæki stækka eykst framleiðni þeirra. Á meðan íslensk fyrirtæki eru örsjá í alþjóðlegum samanburði má því búast við að framleiðni þeirra sé lægri en annars staðar. Umbætur á rekstrarumhverfi minni og meðalstórra fyrirtækja sem stuðla að vexti þeirra skipta því sköpum fyrir efnahagslega frammistöðu Íslands.

Að mati Viðskiptaráðs eru ívilnanir sem snúa eingöngu að minni fyrirtækjum ekki rétta leiðin til úrbóta. Aðgerðir stjórnvalda eiga frekar að snúa að atvinnulífinu í heild. Ýmsar almennar umbætur eru þó sérstaklega mikilvægar fyrir minni fyrirtæki. Með þeim má skapa forsendur fyrir vexti minni fyrirtækja sem þannig skila ávinningi til samfélagsins.

„Á meðan íslensk fyrirtæki eru örsjá í alþjóðlegum samanburði má því búast við að framleiðni þeirra sé lægri en annars staðar.“

1) Sjá úttekt McKinsey & Company (2012) á framleiðni Íslands, annarra Norðurlanda og Bretlands. Slóð: <https://www.forsaetisraduneyti.is/samradsvettvangur/gogn/skyrsla-mckinsey-charting-a-growth-path-for-iceland>




## Mynd 1

Þótt smærri fyrirtæki séu í miklum meirihluta í fjölda talið eru þau í minnihluta á vinnumarkaði og í verðmætasköpun

### Fyrirtæki, starfsfólk og verðmætasköpun

Hlutdeild í heild eftir stærð (2014)



<sup>1</sup> Stærðarskilgreiningar eru eftirfarandi: smærri fyrirtæki: 0-9 starfsmenn; meðalstór fyrirtæki: 10-49 starfsmenn; stærri fyrirtæki: 50 starfsmenn eða fleiri

<sup>2</sup> Vinnsluvirði á þáttaverði

Heimildir: Hagstofa Íslands; Eurostat; Viðskiptaráð Íslands

## Skortur á stærðarhagkvæmni

Íslenskt fyrirtækjalandslag einkennist af mörgum smáum fyrirtækjum. Um 94% fyrirtækja á Íslandi hafa færri en 10 starfsmenn. Hlutdeild þessara fyrirtækja í fjölda starfa á almennum vinnumarkaði er þó talsvert lægra en smærri fyrirtæki standa einungis undir 29% starfa og 24% verðmætasköpunar.<sup>2</sup> Í Evrópu er staðan sambærileg hvað varðar vinnuafli og verðmætasköpun minni fyrirtækja (mynd 1).

Við alþjóðlegan samanburð kemur í ljós að munur er á fyrirtækjalandslagi hvað viðkemur meðalstærð stærri fyrirtækja,<sup>3</sup> en þau standa undir um helmingi starfa og verðmætasköpunar á Íslandi. Stærri fyrirtæki hafa að meðaltali 177 starfsmenn hér á landi samanborið við 253 starfsmenn að meðaltali innan ESB. Smærri fyrirtæki eru því 30% minni á Íslandi.

Þetta hefur efnahagslega þýðingu þar sem framleiðni eykst eftir því sem fyrirtæki stækka (mynd 2). Hér á landi er framleiðni vinnuafli um 45% meiri í stærri fyrirtækjum en þeim minni. Framleiðnimunurinn milli stærri og minni fyrirtækja er hins vegar 57% í ríkjum Evrópusambandsins. Smæð íslenskra fyrirtækja samanborið við önnur Evrópuríki leiðir þannig til minni stærðarhagkvæmni og lægri framleiðni en ella.

Auk þessa leiðir mynd 2 í ljós að stærðarhagkvæmni gætir ekki hjá meðalstórum fyrirtækjum umfram þau smærri héraendis. Innan Evrópusambandsins er framleiðni meðalstórra fyrirtækja hins vegar 21% meiri en þeirra smærri.

Þessar staðreyndir gefa vísbendingu um að eitthvað í rekstrarumhverfi innlendra fyrirtækja torveldi þeim að ná fram stærðarhagkvæmni í sama mæli og annars staðar í Evrópu. Hluti skýringarinnar felst tvímælaust í smæð hagkerfisins, sem gerir stærri fyrirtækjum erfiðara að stækka. Skortur á stærðarhagkvæmni hjá meðalstórum fyrirtækjum bendir þó til þess að fleiri kraftar séu að verki.

„Stærri fyrirtæki hafa að meðaltali 177 starfsmenn hér á landi samanborið við 253 starfsmenn að meðaltali innan ESB.“

2) Mælikvarði fyrir verðmætasköpun er vinnsluvirði á þáttavirði sem er framleiðsluvirði fyrir skatta og niðurgreiðslur.


3) Stærri fyrirtæki eru hér skilgreind sem fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri.

## Mynd 2

Ísland er eftirbátur annarra Evrópuríkja þegar kemur að stærðarhagkvæmni í atvinnurekstri

### Framleiðni vinnuafis

Vísitala (2014, smærri fyrirtæki = 100)<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Framleiðni vinnuafis er hér skilgreind sem vinnsluvirði á þáttaverði á hvern starfsmann. Stærðarskilgreiningar eru eftirfarandi: smærri fyrirtæki: 0-9 starfsmenn; miðlungsstór fyrirtæki: 10-49 starfsmenn; stærri fyrirtæki: 50 starfsmenn eða fleiri

Heimildir: Hagstofa Íslands; Eurostat; Viðskiptaráð Íslands

Þetta jákvæða samband á milli stærðar fyrirtækja og framleiðni er missterkt á milli atvinnugreina (mynd 3). Helst virðist gæta stærðarhagkvæmni í fjármagnsfrekum greinum líkt og sjávarútvegi, framleiðslugreinum, veitustarfsemi og byggingariðnaði ásamt sérfræði- og tæknistarfsemi. Í þjónustugreinum líkt og heild- og smásölu, flutningaþjónustu, hótél- og veitingarekstri og upplýsingatækni og fjarskiptum er hún minni.


Aukin framleiðni stærri fyrirtækja skilar samfélaginu beinum ávinningi. Þannig eru meðallaun starfsmanna hærrí í stærri fyrirtækjum en þeim minni (mynd 4) og stærri fyrirtæki greiða jafnframt hlutfallslega hærrí fjárhæðir í skatta – bæði tekjuskatt fyrirtækja og einstaklinga – á hvern starfsmann. Aukin stærðarhagkvæmni í innlendum rekstri er því verðugt markmið fyrir stjórnvöld að stefna að í því skyni að bæta lífskjör.

## Mynd 3

Stærðarhagkvæmni er til staðar í nær öllum atvinnugreinum hérlendis

### Framleiðni vinnuafis

Vísitala (2014, félög með færri en 50 starfsmenn = 100)<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Framleiðni vinnuafis er hér skilgreind sem vinnsluvirði á þáttaverði á hvern starfsmann.

Heimildir: Hagstofa Íslands; Viðskiptaráð Íslands

Að því sögðu þarf að taka tillit til fleiri þátta. Rannsóknir sýna að hlutdeild minni og meðalstórra fyrirtækja í sköpun nýrra starfa er hátt, einkum þeirra sem yngri eru.<sup>4</sup> Þá skapa ný og minni fyrirtæki mikilvægt samkeppnislegt aðhald og draga úr hættu á að stærri aðilar nýti markaðsstyrk sinn til að hækka verð umfram það sem eðlilegt er. Því nægir ekki að stjórnvöld einblíni á rekstrarumhverfi stærri fyrirtækja.

### Tvíþætt markmið til aukinnar framleiðni

Til að framleiðni á Íslandi geti færst nær því sem tíðkast annars staðar í Evrópu ættu stjórnvöld að setja sér tvíþætt markmið. Annars vegar ættu þau að stefna að því að lágmarka takmarkandi áhrif smæðar hagkerfisins á vöxt fyrirtækja. Hins vegar ættu stjórnvöld að bæta rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja svo þau geti vaxið og notið stærðarhagkvæmni í sama mæli og fyrirtæki annarra Evrópuríkja.

Að mati Viðskiptaráðs eru ívilnanir sem snúa eingöngu að minni fyrirtækjum ekki rétta leiðin að framangreindum markmiðum. Þvert á móti styrkja *almennar* umbætur á rekstrarumhverfi fyrirtækja alþjóðlega samkeppnisstöðu minni fyrirtækja rétt eins og þeirra stærri. Þar ætti höfuðáhersla stjórnvalda því að liggja.


Að því sögðu er ljóst að ákveðin atriði vega þyngra fyrir minni fyrirtæki en þau stærri. Með því að setja slíkar umbætur í forgang geta stjórnvöld stutt við framleiðnivöxt þessara fyrirtækja og samtímis unnið á þeim smæðarvanda sem við er að etja. Hér verður farið yfir þessi tækifæri til umbóta.

### Mynd 4

Mánaðarlaun starfsfólks eru hærri eftir því sem fyrirtæki eru stærri

#### Mánaðarlaun

Þús. kr. á mánuði, meðaltal (2014)<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Mánaðarleg launaútgjöld á hvern starfsmann. Fyrirtæki með 0-4 starfsmenn eru hér undanskilin þar sem oft er um að ræða einyrkja þar sem tekjur umfram lögbundið reiknað endurgjald eru yfirleitt greiddar til starfsmanna í formi arðs

Heimildir: Hagstofa Íslands; Viðskiptaráð Íslands


4) OECD (2010): „SMEs, Entrepreneurship and Innovation“. Slóð: [http://www.oecd-ilibrary.org/industry-and-services/smes-entrepreneurship-and-innovation\\_9789264080355-en](http://www.oecd-ilibrary.org/industry-and-services/smes-entrepreneurship-and-innovation_9789264080355-en)

## Mynd 5

Íþyngjandi regluverk kemur harðast niður á smæstu fyrirtækjunum

### Kostnaður vegna regluverks

Hlutfallslegur kostnaður, vísitala  
(2012, 0-9 starfsmenn = 100)



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi

### 1. Einföldun regluverks

Stjórnvöld ættu að stefna að því að skapa öllum fyrirtækjum hagfellt rekstrarumhverfi. Í því felst að stjórnvöld, regluverk og eftirlit styðji við verðmætasköpun með því að tryggja að viðskiptaumhverfi hérlendis sé alþjóðlega samkeppnishæft. Þannig ber þeim meðal annars að forðast í lengstu lög að setja reglur sem skapa meiri kostnað en ávinning fyrir samfélagið.

Þessi sjónarmið eru sérstaklega mikilvæg fyrir smærri fyrirtæki. Lögum og reglum er ætlað að gæta heildarhagsmuna en kostnaður fyrirtækja vegna framfylgdar leikreglna deilist hins vegar ójafnt á milli þeirra eftir stærð (mynd 5). Þannig bera smærri fyrirtæki þyngstu byrðarnar vegna íþyngjandi regluverks. Hlutfallslegur kostnaður stærstu fyrirtækjanna af því að framfylgja regluverki er einungis um 10-15% af kostnaði þeirra smæstu. Slíkur aðstöðumunur skapar aðgangshindranir sem draga úr nýsköpun og samkeppnisaðhaldi.

Núverandi stjórnvöld hafa gefið út ítrekaðar og afdráttarlausar yfirlýsingar um að regluverk skuli einfaldað og skilvirkni eftirlits aukin. Engu að síður hefur of lítið gerst í þeim efnum. Viðskiptaráð hefur dregið fram ýmis dæmi um umfangsmikið regluverk og lagt fram tillögur til úrbóta.<sup>5</sup> Ávinningur af einföldun regluverks getur orðið verulegur og því brýnt að orðum fylgi efndir.

### 2. Aukin stærðarhagkvæmni

Stærð fyrirtækja takmarkast ekki aðeins af stærð íslenska markaðarins heldur einnig af markaðshlutdeild út frá samkeppnissjónarmiðum. Áskorun samkeppnisyrivalda felst í því að tryggja rétt jafnvægi á milli stærðarhagkvæmni og virkrar samkeppni. Þannig á fyrirtækjum að vera heimilt að stækka þar til neikvæð áhrif stækkunar á virka samkeppni vegur þyngra en jákvæð áhrif vegna aukinnar stærðarhagkvæmni.

„Hlutfallslegur kostnaður stærstu fyrirtækjanna af því að framfylgja regluverki er einungis um 10-15% af kostnaði þeirra smæstu.“

5) Sjá tillögur Viðskiptaráðs um einföldun regluverks í 4. kafla rits Viðskiptaþings (2016): „Leiðin á heimsleikana: aukin framleiðni í innlendum rekstri.“ Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/leidin-a-heimsleikana/>

Til að setja smæð íslenska markaðarins í samhengi þá er heildarmarkaður fyrir lyf og lækningavörur héraðs einungis einn tíundi hluti tekna vegna ákveðinnar tegundar nefúða í Bandaríkjunum. Þá er heildarmarkaður fyrir allar drykkjarvörur á Íslandi innan við 2% af stærð orkudrykkjamarkaðarins í Bandaríkjunum.<sup>6</sup> Á mynd 6 má sjá stærð helstu þjónustumarkaða á Íslandi samanborið við stærstu fyrirtæki sömu markaða í Noregi. Íslensk fyrirtæki eiga því erfitt með að njóta stærðarhagkvæmni í sama mæli og erlendir keppinautar.

Skilgreining markaða skiptir máli í þessu samhengi. Of þröng skilgreining markaða leiðir til ofmats á neikvæðum áhrifum vegna aukinnar samþjöppunar og skapar þannig skaðlegar vaxtarskorður fyrir innlend fyrirtæki. Afleiðing þess er minni stærðarhagkvæmni og veikari samkeppnisstaða innlendra aðila gagnvart erlendri samkeppni. Samkeppnisyrivöld héraðs þurfa að gæta þess að líta til samkeppni í breiðu samhengi þegar þau meta áhrif samþjöppunar á heildarhagsmunum.

Virk samkeppni verður best tryggð með greinargóðum leiðbeiningum samkeppnisyrivalda og hraðri úrvinnslu mála. Viðskiptaráð hefur gagnrýnt Samkeppniseftirlitið héraðs á báðum sviðum, þ.e. fyrir skort á leiðbeiningum og langan málsmeðferðartíma. Til að draga úr málsmeðferðartíma eftirlitsins þarf að minnka verkefnaálag þess og auka skilvirkni. Aukin áhersla á leiðbeiningar skilar hvoru tveggja. Til viðbótar mætti ráðast í ýmsar breytingar, t.a.m. hvað viðkemur samrunamálum og undanþágum frá samkeppnislögum, sem myndu auka skilvirkni eftirlitsins enn frekar. Öflugt samkeppniseftirlit er mikilvægur hlekkur í heilbrigðu viðskiptaumhverfi – ekki síst hvað viðkemur umhverfi smærri fyrirtækja. Stefna eftirlitsins má þó ekki setja fyrirtækjum óþarfar vaxtarskorður, hvort sem þau eru minni eða meðalstór. Slík stefna þjónar ekki heildarhagsmunum samfélagsins.


„Virk samkeppni verður best tryggð með greinargóðum leiðbeiningum samkeppnisyrivalda og hraðri úrvinnslu mála.“

## Mynd 6

Smæð íslensks markaðar torveldir fyrirtækjum að ná fram stærðarhagkvæmni

### Stærð innlendra markaða og norskra fyrirtækja

Íslenskir markaðir sem hlutfall af veltu stærsta fyrirtækis í Noregi (2012)



Heimild: Samráðsveitvangur um aukna hagsæld á Íslandi


6) Sjá kynningu Viðskiptaráðs Íslands (2015): „Hvað stendur framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?“ (glæra 15). Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/kynningar/framleidni-i-innlenda-thjonustugeiranum/>

## Mynd 7

Smærri fyrirtæki bera þyngstu byrðarnar af háum nafnlaunahækkunum

### Launahlutfall

Laun sem hlutfall af vinnsluvirði (2014)<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Fyrirtæki með 0-4 starfsmenn eru hér undanskilin þar sem oft er um að ræða einyrkja þar sem tekjur umfram lögbundið reiknað endurgjald eru yfirleitt greiddar til starfsmanna í formi arbs

Heimildir: Hagstofa Íslands; Viðskiptaráð Íslands

## 3. Sjálfbærar launahækkanir

Þróun launakostnaðar kemur misjafnlega niður á afkomu fyrirtækja. Fjármagnsfræk og skilvirk fyrirtæki eru best í stakk búin til að mæta hækkun á launakostnaði. Minni og meðalstór fyrirtæki, einkum í mannaflsfrækum greinum, standa aftur á móti höllum fæti. Hlutfall launa af vinnsluvirði (þ.e. þeirra verðmæta sem fyrirtækin skapa) fer lækkandi eftir því sem fyrirtæki stækka (mynd 7). Miklar nafnlaunahækkanir valda minni fyrirtækjum því hlutfallslega mestum skaða.

Launahækkanir undanfarinna ára ná langt umfram það svigrúm sem þróun framleiðni hefur skapað og engum vafa er undirorpið að áframhaldandi hækkunir af svipuðum toga eru ósjálfbærar. Það skiptir því sköpum að launþegahreyfingar landsins samræmi kröfur sínar og leggi áherslu á kaupmáttaraukningu fremur en nafnlaunahækkunir.


„Miklar nafnlaunahækkunir valda minni fyrirtækjum hlutfallslega mestum skaða.“

## Fleygur á milli vinnuveitenda og launþega

Viðskiptaráð hefur bent á þann fleyg sem er til staðar á milli heildarlaunakostnaðar atvinnurekenda og útborgaðra launa starfsfólks (mynd 8). Auk beinna launa greiða vinnuveitendur tryggingagjald og

## Mynd 8

Til að greiða hálfja milljón í grunnlaun þarf vinnuveitandi að leggja út sem nemur 740 þúsund krónum á mánuði



(1) Tölur byggja á rannsókn Hagstofunnar á launakostnaði hérlandis (2012) (2) Móttframlag vinnuveitanda nemur 8% af heildarlaunagreiðslum á almennum markaði og 11,5% á opinberum markaði (3) Tryggingagjöld nema í dag 7,35% af heildarlaunagreiðslum vinnuveitanda (4) Eingreiðslur, kjarasamningsbundin gjöld og önnur hlunnindi (5) Greiddur er 37,3% tekjuskattur af fyrstu 309.140 kr. og 39,74% af næstu 190.860 kr. (m.v. 500.000 kr. grunnlaun). Til frádráttar kemur persónuafsláttur að upphæð 50.902 kr. Samtals nemur skattgreiðslan 140.255 kr. (6) Starfsmanni er skylt að greiða 4% af launagreiðslum sínum í lífeyrisjóð

Heimildir: Hagstofa Íslands; Viðskiptaráð Íslands

mótframlag til lífeyris. Því til viðbótar njóta starfsmenn orlofsréttinda og annarra fríðinda sem ekki koma fram á launaseðli. Til að greiða starfsmanni 500 þús. kr. í mánaðarlaun þarf vinnuveitandi þannig að leggja fram 740 þús. kr. í launa- og starfskjaratengd gjöld. Þá á launþeginn enn eftir að greiða skatta og eigið lífeyrisframlag sem eykur þennan mismun enn frekar.

Tryggingagjald hækkaði mikið í aðhaldsaðgerðum stjórnvalda í kjölfar fjármálakreppunnar 2008. Þrátt fyrir stórminnkað atvinnuleysi hafa þessar hækkunir ekki verið dregnar til baka nema að hluta til. Þá gerir nýlegt samkomulag SALEK-hópsins ráð fyrir að lífeyrisframlag atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði hækki úr 8% í 11,5%. Hvort tveggja eykur mismuninn á launakostnaði vinnuveitanda og útborguðum launum starfsmanns.

Það er mat Viðskiptaráðs að minnka þurfi þennan fleyg. Það er ekki hvað síst mikilvægt fyrir minni fyrirtæki þar sem launakostnaður er hlutfallslega hærrí. Lækkun tryggingagjalds og einföldun kjarasamninga væru stærstu skrefin í þá átt.

**Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í síma 510-7100.**